

Sýkillinn og sjúkdómar lýðræðisins

Á Vesturlöndum er vöggu lýðræðis að finna, flokkalýðræðis vel að merkja. Einn af hornsteinum lýðræðis er málfrelsi og samkomufrelsi. Upplýsingaskylda stjórnvalda ætti einnig að vera í hávegum haft í lýðræðisríki. Það er væntanlega alkunna, að á þessu er alvarlegur meinbugur. Leyndarhyggja og þöggun þjóðmálaumræðu er algeng. Skrifræðisstofnanir lifa eigin lífi. Embættismenn taka afdrifaríkar ákvarðanir um líf og heilsu fólks. Stjórnámálamenn, sem margir hverjir bjóða sig fram sjálfum sér til dýrðar, leika lausum hala í sorglegu flokkalýðræði. Forsjárhyggjan er þeim mörgum í blóð borin og má þá einu gilda hvar í flokki þeir skiptast.

Stjórnámálaflokkar stunda einnig hagsmunagæslu fyrir flokksfélaga og ákveðin öfl í samfélaginu, t.d. lyfjafyrirtæki. Mörg þeirra eru peningamylla eigendanna, enda starfa þau á nær öruggum markaði, sem stjórnvöld og lýðurinn skapa þeim. Hræðsla fólks við dauðann og jafnaðarmennskuhugmyndir (allir jafnir fyrir dauðanum) stuðla að kerfi, þar sem lyf og heilbrigðisþjónusta er að verulegu leyti greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna, sem ofangreindir stjórnámálamenn stýra. Slíkir sjóðir eru óprotgjarnir.

Í hjálögðum fréttaskýringaþætti er sögð skritin saga, sagan af kófinu; ævintýralegum tilraunum með sýkla í dýrum og hagsmunafléttum embættisræðis, vísindasamfélagsins og stjórnvalda, þ.e. löggjafarvaldsins. Hún er í hnotskurn þessi:

Árið 2014 hefja þrír erfðafræðingar, Peter Dazek og Ralph Barric frá Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA) í samvinnu við Zhenli Shi frá Kína, rannsóknir á því, hvernig megi flytja sýkla úr leðurblökum í mýs, sem hafa verið „mann-mengaðar,“ þ.e.a.s. lungu þeirra tillíkjast nú fyrir tilstilli erfðataekni lungum manna. „Starfsemisauki“ (gain of function) er það kallað.

Hugmyndin er sú, að gera tilraunir með bóluefni á hinum mannbreyttu músum, sem kynni að gagnast mönnum. Einnig er horft til þess, hvort fólk gæti smitast við þessar sýklafirfærslur. Rannsóknirnar eru fjármagnaðar af Þjóðarheilbrigðisstofnun BNA (NIH). Þar er í fyrirsvari Anthony Fuci. Rannsóknirnar eru stundaðar á rannsóknarstofu í Wuhan.

Í október 2019 kemur í ljós, að „fiktsýkillinn“ smiti manna á milli. Fjöldi manna á hersýningu í Wuhan dreifir sýklinum út um allt, en smit höfðu þegar átt sér stað í september. Heiðarlegir starfsmenn reyndu að vara við, en það var þaggað niður í

þeim með ýmsum hætti. Um þrem mánuðum síðar tilkynntu Kínverjar Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni um málið.

Fyrir en varði hafði smitið dreifst um alla veröld. Litið var til lyfjaframleiðanda sem frelsara mannkyns. Svo einkennilega vildi til, að NIH og Lyfjafyrirtækið, Moderna, höfðu gengið í eina hagsmunasæng. Í skugganum stóðu svo fulltrúar opinberra sjóða og einkafjármagnaðra slíkra. Pfizer er þar á meðal. Það er hins vegar ekki fyrirtækið, Johnson og Johnson. Bólusetning með þeirra lyfi var stöðvuð um hríð. Það vill einnig svo til, að löggjafarþing BNA hafði, skömmu áður en veiran slapp út frá Kína, samþykkt lög þess efnis, að lyfjafyrirtæki nytu friðhelgi í sambandi við framleiðslu lyfja í neyðarástandi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að stjórnvöld róa að því öllum árum með góðu og með illu, að bólusetja fólk með lyfjum frá helstu lyfjafyrirtækjum – og í BNA ekki síst frá þeim fyrirtækjum, sem NIH á hlut í.

Þar sem nú virðist ljóst, að „bóluefnin“ stuðli ekki að ónæmi, hefur skilgreiningu bólusetninga verið breytt í þessa veru: Bólusetning er „sú aðgerð að kynna bóluefni fyrir líkamanum í því skyni að vernda hann frá sérstökum sjúkdómi.“ Horfin er úr skilgreiningunni það ætlunarverk, að stuðla að ónæmisviðbragði líkamans.

Samfara þessu virðist eiga sér stað samvinna fjölmiðla, þar með talin samvinna við tæknirisanna, sem samfélagsmiðlana reka, lyfjafyrirtækja og stjórnvalda (sóttvarnaryfirvalda, ríkistjórn) um að leyna staðreyndum framvindunnar og þagga niður umræðu um hana.

Þróunin er í flestu tilliti ógnvænleg. Óheiðarleiki stjórnvalda, embættismanna, fyrirtækja og vísindamanna, sem jafnvel ljúga fullum fetum og nota embætti sín og menntun til að skapa falskan trúverðugleika, er bein ógn við lýðræðið. Það er sýklahernaður að yfirlögðu ráði líka, en trúlega er hér um að ræða afdrifaríkt fikt með erfðir. Einnig er lærdómsrík samvinna gerræðisafla í landi hinna frjálsu, fyrirmyndarlýðræðisríkinu sjálfu, og flokkseinræðisríkis.

<https://www.youtube.com/watch?v=91Ib5NjSZ-o>